



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Ný yfirstjórn sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. maí 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2021, ásamt umsögn frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar, dags. 17. maí 2021 og umsögn frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, dags. 18. maí 2021:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að skóla- og frístundaráð samþykki að frístundamiðstöðin Kringlumýri taki við rekstri sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs frá frístundamiðstöðinni Tjörninni.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga og greinargerð, dags. 18. maí 2021
Umsagnir



Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á stjórnun sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að skóla- og frístundaráð samþykki að frístundamiðstöðin Kringlumýri taki við rekstri sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs frá frístundamiðstöðinni Tjörninni.

Greinargerð:

Hofið er sértæk félagsmiðstöð sem býður upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglunga í 5. – 10. bekk í almennum grunnskólum og Brúarskóla sem stunda nám og/eða búa vestan Elliðaána. Sértækum félagsmiðstöðvum var komið á fót árið 2007 vegna þarfa fatlaðra barna sem sóttu almenna grunnskólum á frístundapjónustu.

Á næsta skólaári 2021-2022 er áætlað að yfir 20 börn og unglingar muni sækja þjónustu í Hofinu sem stunda nám í 11 skólum víðsvegar úr borginni. Hofið er staðsett að Þorragötu 3, 101 Reykjavík sl. ár og hefur verið hluti af frístundamiðstöðinni Tjörninni. Þar sem flestir þátttakendur Hofsins sækja skóla og/eða búa í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi er lagt til að rekstur Hofsins færist frá frístundamiðstöðinni Tjörninni undir stjórn frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri.

Markmiðið með þessari breytingu er að auðvelda þátttakendum Hofsins að fara í þá félagsmiðstöð sem tilheyrir heimahverfi og/eða skóla viðkomandi þá daga sem opnun er fyrir viðkomandi aldur í stað þess að fara í Hofið. Þá daga sem ekki er boðið upp á almennt starf í viðkomandi félagsmiðstöð munu þátttakendur mæta í Hofið. Með þessu móti gefst börnunum tækifæri að rækta venskap við skóla- og bekkjarfélaga í almennu starfi félagsmiðstöðva og starfið verður aldursskipt.

Ekki verður um þjónustuskerðingu að ræða en þó mun skipulag innra starfs breytast. Eftir sem áður verður boðið upp á þjónustu allan daginn á starfsdögum skólanna sem og í jóla-, páska- og sumarfríum.



Skýrt verður frá hausti hvernig dagskrá hvers barns mun líta út og hvaða daga viðkomandi barn verður annars vegar í húsnæði Hofsins og hins vegar í sinni almennu félagsmiðstöð með bekkjar- og skólafélögum sínum. Stuðningurinn verður eftir sem áður sá sami og verður skipulagður út frá þörfum hvers og eins og útlistaður sérstaklega í einstaklingsáætlunum líkt og áður.

Þessi breyting á stjórnun Hofs þ.e. frá frístundamiðstöðinni Tjörninni til frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri hefur verið unnin í samráði við stjórnendur frístundamiðstöðvarnar og Hofs. Ekki verður viðbótarkostnaður vegna þessarar breytingar.

Lög og stefnur sem frístundastarf SFS starfar eftir:

Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 39/2018 kemur fram að sveitarfélög skuli bjóða upp á frístundaþjónustu fyrir börn í 5. – 10. bekk eftir að skóladegi lýkur og að þjónustuna skuli veita samhliða almennum frístundatilboðum ásamt því að hún skuli vera einstaklingsmiðuð.


Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem fullgiltur var á Íslandi árið 2016 er skýrt kveðið á um fulla og virka þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar. Einnig er það sérstaklega tekið fram í 30. grein samningsins að tryggja eigi fötluðum börnum aðgang, til jafns við önnur börn, til að taka þátt í tómsunda- og frístundastarfi.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013 segja að stjórnvöld eigi að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti og að öll börn skuli njóta allra réttinda án tillits til hver þau eru og hvort þau séu fötluð.

Í stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025 er áhersla lögð á að draga úr félagslegri einangrun og stuðla þannig að aukinni og virkri þátttöku. Þar er sérstaklega kveðið á um að skapa eigi aðstæður til að koma betur til móts við unglinga í minnihlutahópum og hvetja til verkefna sem koma í veg fyrir félagslega einangrun þeirra. Jafnframt segir þar að frístundastarf skuli vera án aðgreiningar og að huga skuli að því að virkja til þátttöku einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna félagslegra aðstæðna eða fötlunar og stuðla að jöfnum tækifærum fyrir alla.


Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkur til ársins 2030 er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Þar segir einnig að mikilvægt sé að starfsfólk eigi frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinni að þróun og leiðum sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Leggja á áherslu á fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða og milli starfsstaða í þágu barnanna.

Að endingu má nefna að í drögum að stefnu um félags- og tómsundastarf Mennta- menningarmálaráðuneytisins til 2030 kemur fram að skipulagt félags- og tómsundastarf eigi að mæta börnum þar sem þau eru stödd. Börn eigi að geta valið úr fjölbreyttum verkefnum í skipulögðu starfi sem taki mið af stöðu og áhuga þeirra hverju sinni. Starfið þurfi að vera



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

sveigjanlegt og geti aðlagast að síbreytilegu umhverfi og hugarefnum. Starfið eigi að vera skapandi, aðgengilegt, öruggt, skemmtilegt, alvarlegt og fullt af leik. Einnig er tekið sérstaklega fram að öll börn eigi að hafa aðgang og jöfn tækifæri til þátttöku.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík. 18.mái 2021

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar og Andrea Marel, deildarstjóri unglíngastarfs Tjarnarinnar.

Efni: Breyting á stjórnun sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofsins.

Tjörnin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á þjónustu Hofsins næsta skólaár. Þar sem að flest börnin tilheyra borgarhluta Kringlumýri þá teljum við breytinguna vera skref í rétta átt varðandi að færa þjónustuna nær heimaskólum barnanna, draga úr tíma sem að fer í akstur til og frá félagsmiðstöðinni og auka frístundastarf án aðgreiningar. Við fögnum því að aldursskipta eigi starfi Hofsins en það er mikilvægt skref í þá átt að bjóða upp á starf við hæfi hvers og eins. Með þessari breytingu færumst við nær því að þjónustan samræmist *lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 39/2018, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025 og menntastefnu Reykjavíkur til ársins 2030.*

Tjörnin leggur áherslu á að gott samtal og samráð eigi sér stað við börnin, fjölskyldur þeirra og starfsmenn Hofsins til að breytingarnar verði sem best heppnaðar.

Það gæti skapað vanda að frístundastarf fyrir 10-12 ára er ekki í boði alla daga og í mörgum félagsmiðstöðvum fer það fram eftir kl.17.00. Starf fyrir unglíngana fer fram að stórum hluta á kvöldin. Tryggja þarf getu félagsmiðstöðva til að geta boðið upp á starf fyrir öll börn og unglíngana.

Eftir yfirfærslu á starfsemi Hofsins til Kringlumýri mun hluti af börnum og unglíngum vera í heimaskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum og tilheyra félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar. Því er mikilvægt að tryggja samtal við deildarstjóra unglíngastarf í Tjörninni og forstöðumenn félagsmiðstöðvanna.

Andrea Marel, deildarstjóri unglíngastarf Tjarnarinnar

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar



Reykjavík, 17.5. 2021

Umsögn

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Þórhildur Rafns Jónsdóttir, deildarstjóri unglingsstarfs í Kringlumýri

Efni: Breyting á stjórnun sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs.

Hofið er sértæk félagsmiðstöð sem býður upp á frístundastarf fyrir fötluð börn og unglunga í 5. – 10. bekk í almennum grunnskólum og Brúarskóla sem stunda nám og/eða búa vestan Elliðaána.

Á næsta skólaári 2021-2022 er áætlað að yfir 20 börn og unglingar muni sækja þjónustu í Hofinu sem stunda nám í 11 skólum víðsvegar úr borginni. Hofið er staðsett að Þorragötu 3, 101 Reykjavík sl. ár og hefur verið hluti af Frístundamiðstöðinni Tjörninni. Flestir þátttakendur Hofsins sækja skóla og/eða búa í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi.

Undirrituð er samþykkt þessari tillögu að breytingu á að stjórnun Hofsins færist frá Tjörninni til Kringlumýrar. Við hjá Kringlumýri teljum okkur geta boðið upp á þjónustu fyrir börn og unglunga úr Hofinu, oftast en ekki í nærumhverfi hvers og eins, í það minnsta að hluta af viðverutíma einstaklinganna. Markmiðið með þessari breytingu væri að auðvelda þátttakendum Hofsins að fara í þá félagsmiðstöð sem tilheyrir heimahverfi og/eða skóla viðkomandi þá daga sem opnun er fyrir viðkomandi aldur í stað þess að fara í húsnæði Hofsins. Þá daga sem ekki er boðið upp á almennt starf í viðkomandi félagsmiðstöð munu þátttakendur mæta í húsnæði Hofsins. Með þessu móti gæfist börnunum tækifæri að rækta venskap við skóla- og bekkjarfélaga í almennu starfi félagsmiðstöðva og starfið verður aldurskipt.

Með því að stjórnendur Hofsins hafi sama yfirmann og forstöðumenn í félagsmiðstöðvum Kringlumýrar eru tækifæri til enn frekari samstarfs og samnýtingar. Með þessari breytingu munu forstöðumenn hittast á sameiginlegum vettvangi og fundum til að ræða málefni barna og unglunga í hverfinu og forstöðumönnum í almennu starfinu gæfist kostur á að aðlaga starfið enn frekar að einstaklingum sem þurfa á sértækum stuðningi og eða hvatningu á að halda.

Virðingarfyllt

Þórhildur Rafns Jónsdóttir

